

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra
vegna íbúðarbyggðar ÍB33 á Heiðarbrún.

Skipulagsstofnun staðfesti 18. október 2023 óverulega breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 12. júlí 2023.

Í breytingunni felst að lóðin Heiðarbrún, innan íbúðarbyggðar ÍB33 í landi Heiðarbrúnar, verður skilgreind sem landbúnaðarsvæði og íbúðarbyggðin minnkar um 1,6 ha vegna þessa. Heimilt verður að skilgreina allt að 20 lóðir innan ÍB33 í stað 16 áður.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 18. október 2023.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 1. nóvember 2023